

Tungutak 2: Kennarahandbók

1. Allrahanda (1)

1.1 Frétt

Mælt er með að kennari flytji stuttan en innblásinn fyrirlestur um mikilvægi þess að geta skrifað læsilegan texta. Hér er það æfingin sem gildir, ekki bara stuttar athugasemdir á feisbók, eða öðrum netmiðli heldur samfelldur texti (auðvitað geta textar á spjallmiðlum verið vandaðir). Í þessu sambandi skal hér birtur pistill Aðalheiðar Þorsteinsdóttur úr Morgunblaðinu 21. september 2013 þar sem hún ræðir um talmál, ritmál og *rafmál*:

Líklega hefur aldrei verið einfaldara að koma skrifum sínum á framfæri. Á tímum alls kyns netmiðla er hægt að birta flest á Netinu án nokkurs milliliðar og auk þess fara heilmikil samskipti fram í rituðu máli í alls konar samskiptaforritum. Allt er þetta vissulega skrifað en ekki talað mál en þó telst það alls ekki allt til hefðbundins ritmáls.

Það er annars þó nokkur munur á talmáli og ritmáli. Almennt séð er ritmál mun formlegra og töluvert meira undirbúið, lagað og bætt en talmálið. Hefðbundnu rituðu máli er líka ætlað að „lifa“ lengur en talað mál. Gera verður ráð fyrir að það sé lesið aftur og aftur og kröfur til þess og undirbúningurinn er í samræmi við það.

Það mál sem notað er á Netinu, í bloggi og alls kyns spjallforritum er hins vegar hvorki talmál né ritmál og hefur því verið kallað *rafmál*. Þar hafa mörkin milli ritaðs máls og talmáls nefnilega að nokkru leyti dofnað og á slíkur texti meira sameiginlegt með talmálinu en ritmáli þó hann birtist í rituðu máli. Skilaboðunum er t.d. ekki ætlaður lengri líftími en væru þau töluð þar sem þau þjóna aðeins þeim tilgangi að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri. Auk þess er undirbúningurinn kannski nokkuð líkur því sem á sér stað þegar talað er, þ.e.a.s. hugsanir einfaldlega færðar í ritað mál í stað talaðs sem síðan er sent rakið af stað til þess sem það er ætlað. Enda eru orðin oft og tíðum skrifuð líkt og þau væru sögð, t.d. er skrifað *ætlaðu* í stað *ætlaðu* eða *ætla þú*, *náttla* í stað *náttúrulega* og *kvadda gera?* í stað *hvað ertu að gera?* En það er ekki það eina sem sker þessa tegund máls frá hefðbundnu skrifuðu máli því í því eru notaðar alls kyns nýjar skammstafanir, óskiljanlegar fyrir okkur sem ekki þekkjum mikið til þessa heims.

Þarna kemur kynslóðabilið berlega í ljós. Við sem skiljum hefðbundnar skammstafanir eins og e.t.v., o.s.frv., o.fl. betur en kynslóðin sem hefur alist upp að hluta til í rafheimum skiljum alls ekki allar þær skammstafanir sem koma fyrir í textaskilaboðum unglínganna. Í afar óvísindalegri könnun sem ég gerði um daginn fékk ég útskýringu á töluvert mörgum slíkum. Styttingarnar bera margar hverjar vott um skapandi og frjóa hugsun en því miður ekki nema að litlu leyti á íslensku. Af þeim styttingum og

skammstöfunum sem voru nefndar var líklega um helmingur úr íslensku en annars úr ensku. Íslenskan er þó ekki alveg horfin, t.d. er skrifað *mrg* fyrir *morgun*, *gn* fyrir *góða nótt*, *gg* fyrir *geggað* o.fl. Sniðugar styttingar þar sem tölustafir voru notaðir í stað bókstafa voru hins vegar flestar ef ekki allar á ensku. T.d. merkir *h8* alls ekki *háttá* eins og ég hélt heldur merkir sú stytting *heit*, sbr. *h-eight*. *L8er* er svo notað til að tákna *later* en líklega notar enginn *s1a* fyrir *seinna* þó það sé ekki síður rökrétt, eða hvað?

Aðalheiður talar hér um *rafmál* og tengir það fremur talmáli en ritmáli enda er því varla ætlað annað en að lifa augnablikið. Rafmálið er samt án efa góð æfing í framsetningu máls, líkt og t.d. samræður eru mikilvæg æfing í rökhusun.

En *blaðafréttin* (eða netmiðilsfréttin) er komin á annað stig. Þar þarf að vanda hvert atriði, forðast slettur og gefa textanum heildarsvip.

Kennari ræði stuttlega um fréttaskrif og starf blaðamanna, t.d. það að þeir þurfi að gæta hófs og koma fram af virðingu við lesendur og viðfangsefni. Öll stóryrði ber að forðast; meiðyrðamál koma upp furðu oft; sum þeirra tengjast hugsunarleysi þess sem skrifar: hann gerir sér ekki alltaf grein fyrir að það sem einungis er ætlað vinum í rafmiðli getur borist út um allar jarðir.

Yfirleitt er best að gæta hlutleysis í frétttaflutningi.

Fréttir af frægu fólki eru vinsælt efni. Þeim mun meiri ástæða er þá til að vanda slíkar fréttir. Lagt er til að nemendur leiti sér að fréttum í rafmiðlum eða prentuðum blöðum og skrifi þær síðan með eigin orðum, hugsanlega stytta (eða lengdar). Kennari kann að ákveða fyrirumáli nánar, t.d. kæmi til greina að ýkja – og jafnvel að búa til frétt. Sjálfsagt er að hafa fréttina í léttum dúr.

Blaðamaðurinn þarf, auk þess að vanda málfarið, að gæta þess að orða hlutina þannig að ekkert fari milli mála.

Nýlega stóð þetta í pistli af frægu fólki: „Það er ekki svo langt síðan Gaga og Hilton voru miklir vinir, en það vinasamband virðist ekki hafa enst lengi eins og svo mörg önnur hjá fræga fólkinu.“

Þetta gæti misskilist. Breytum orðalagi og segjum: „...en það vinasamband virðist ekki hafa enst lengi **fremur en** svo mörg önnur hjá fræga fólkinu.“

Við skulum nota fréttir af fræga fólkinu til að vekja spennandi umræðu um orðalag og stíl.

1.2 Lýsingarorð

Ímyndum okkur texta án lýsingarorða. Þeir yrðu litlausir í meira lagi. Hugsum okkur gátuna um regnbogann:

Hver er sá veggur _____ og _____
_____ settur röndum,
_____, _____, _____ og _____,
gerður af meistara höndum?

Alltaf er gaman að minna á lýsingarorðin sem enda á -a og taka ekki beygingu og stigbreytast ekki. Kennarinn: Nefnið eins mörg slík lýsingaroð og þið getið: óðamála, klofvega, örmagna ...

Þá mætti minnast á hvernig sum lýsingarorð víkka merkingu sína, oft vegna áhrifa frá öðrum tungum: „Ég er góður,“ segja menn núna við nýjar aðstæður:

Gestgjafinn: Má ég ekki bjóða þér aðeins meira?“

Gesturinn: „Nei takk, ég er góður.“

Hvað finnst nemendum um þetta þegar farið er að ræða málið? Hlægilegt?

Stundum er eins og mismunandi lýsingarorðum sé beitt eftir því hvort um er að ræða karl eða konu. Um karlmann er kannski sagt að hann sé *ákveðinn* eða *fastur fyrir* en um konu með sömu eiginleika að hún sé *frek*.

Reynum að finna nokkur falleg eða skemmtileg lýsingarorð!

orðfögur, fagureyg, latmannlegur, litfríð, dulglöggur, trélímshvítur, sólvængjaður

Eftirfarandi lýsingarorð koma fyrir í skáldsögu Hallgríms Helgasonar, *Höfundur Íslands*:

Gúmmífætt (dráttarvél, 46); ritvont (hótel þar sem skáldið dvaldi, 70); eineltur (unglingur, 163); bóluskreytt (stúlka, 88); húskaldir (menn, 14); fullorðaðir (heiðursmenn, 17); naglvana (fingur, 75); dalkaldir (dagar í afdal, 189); blaðsléttur (fjörður, 202). Lýsingarorð þar sem tveimur skynsviðum er blandað saman eru líka skemmtileg og skáldleg: dimmmjúkur, ilmrauður, húmpögull o.s.frv.

1.3 Fjallkirkjan

Oft hefur verið vitnað í þessi fyrstu orð *Fjallkirkjunnar* (hér í þýðingu Halldórs Laxness). Það er gaman að lesa þau upphátt fyrir nemendur og ræða síðan um stílinn og stílbrogðin, t.d. klifunina og andstæðurnar. Talað er um *forklifun* þegar byrjað er á sömu orðunum hvað eftir annað. Þetta er algengara í ljóðum en óbundnu máli. En hér er þetta áhrifamikið og tengist trega og eftirsjá manns sem lítur til baka og gerir sér grein fyrir að æskan er horfin með öllu því sem henni fylgdi.

Hvetjum nemendur til að rýna í stíl, t.d. andstæður og hliðstæður.

Minna má á að mjög erfitt er að skrifa svona langa málsgrein svo vel fari. En sem upphaf að stóru verki er þetta tignarlegt og dregur lesandann út úr skarkala hversdagslífisins inn í friðsæla sagnaveröld.

Hér þyrfti sennilega að ræða *erfðasyndina* sem fylgdi mannkyninu allt frá dögum Adams og Evu en Kristur frelsaði manninn af með dauða sínum.

1.4. Fallbeygðu kvenmannsnöfnin

Beygingar nafna valda stundum vanda. Sum nöfn eru erfið í beygingu. Við þetta bætist að þegar tvö nöfn eru, vill gleymast að beygja annað þeirra. Sjálfsgagt er að hvetja nemendur til að halda í beygingarnar: Ég fór til Jennýjar Sifjar , Bjargar Yrsu, Jóns Gunnars o.s.frv.

Oft heyrir: Ég fór til Jón Þórs (ætti að vera Jóns Þórs).

1.5 Orðasambönd

Orðtökin (og málshátturinn) sem hér um ræðir tengjast sjó og sjómennsku. Gaman væri að finna sem flest slík, með hjálp handbóka. Fyrsti kaflinn í bókinni *Íslensk orðtök* eftir Sölva Sveinsson heitir *Á sjó* og geymir fjölda orðtaka sem eiga rætur í sjósókn á arabátum og seglskipum.

Þessi heimur er horfinn flestum – en orðtökin geymast áfram, oft í yfirfærðri merkingu, sbr. t.d. orðtakið að *láta reka á reiðanum* (=láta berast með straumnum, trassa eitthvað).

Og allir þekkja þennan málshátt í yfirfærðri merkingu: „Árinni kennir illur ræðari.“ Skilja nemendur frummerkinguna örugglega?

1.6 Tegundir bókmennta/ ritverka

Byrja má á að spyrja hvaða bókmenntategund höfði mest til nemendanna.

Sagt hefur verið að það sé sama hvað barnið les, bara að það lesi eitthvað. Slakar spennusögur eru góð æfing í lestri og geta leitt til þess að nemandinn fari að lesa aðrar bókmenntir.

Margir kennarar hafa sagt að þeir sjái mjög fljótt hvort nemandi hafi lesið mikið eða ekki; þetta komi fram í stafsetningu, ritun og málfari. Því þarf stöðugt að hvetja til lestrar.

Til að nemandinn fái tilfinningu fyrir forminu á *Tímanum* og *vatninu* þarf að lesa þessi fyrstu erindi upphátt. Þetta sýnir hvað Steinn Steinarr er í rauninni rótfastur í ljóðahefðinni. En innihaldið og myndmálið er nýstárlegt.

Gaman er að ræða innihaldið. Í öllum erindunum koma bæði *tíminn* og *vatnið* við sögu. Við hugsum til þess hvað þessi tvö hugtök eru skyld; þannig er áin t.d. gjarnan látin tákna ævitíma mannsins.

Hvort ætli höfði meira til nemendanna, fyrstu erindin í *Tímanum og vatninu* eða vísur Þorsteins Erlingssonar um fossaróminn?

En hvað finnst nemendum um „Net til að veiða vindinn...“ o.s.frv.?

1.7 Orðabókin

Eitt af því sem tengir Íslendinga og hafið í menningu okkar eru *sjómannaölög*. Sérstakur þáttur, *Á frívaktinni*, var um áratugaskeið í Ríkisútlitum og þar voru lesnar kveðjur til sjómanna og frá sjómönnum, og kveðjunum fylgdu gjarnan sjómannaölög. Hver man ekki eftir *Landleguvalsinum* (Forðum var verandi á vertíð í Eyjunum), *Simba sjómanni*, *Það gefur á bátinn við Grænland* o.s.frv.?

Hvernig væri að nálgast einhver af þessum lögum og ræða textana út frá nútímasjónarmiði? Karllæg? (Það er t.d. talað um að sjómennirnir hafi verið „gleyrnir á meyjanna nöfn“; fengið sér „nýja í næstu höfn“ o.s.frv.)

1.8 Um málsnið

Hér gefst t.d. tækifæri til að ræða um „unglingamál“ og bera saman við „formlegt málsnið“. Inn í umræðuna mundu þá blandast hugtök eins og *slangur* og *slettur*. Unglingar eru fundvísir á skemmtileg orð og orðasambönd sem geta þó ekki gengið nema innan hópsins. Látum nemendur nefna dæmi um slangur (helltu kaffi: haltu kjafti; vera með Gullfoss og Geysi: vera með uppköst og niðurgang á sama tíma).

Kennarar hafa sagt að sumir nemendur geri ekki greinarmun á talmáli og rituðu máli; þeir skrifi t.d. texta sem hljómar eins og talmál. Þetta þarf að ræða.

Ef Barcelonatextarnir eru bornir saman kemur ýmislegt í ljós. Annar er augljóslega vandaðri heimild en hinn. Í fyrri textanum er greinilega verið að markaðssetja „vöruna“; þar eru **gildishlaðin lýsingarorð** áberandi og efsta sigi beitt hvað eftir annað. Það þarf að ræða hlutverk texta og áreiðanleika þeirra. Seinni textinn hefur yfir sér hlutleysisblæ. Við tökum eftir að þar eru lýsingarorðin mun færri en í fyrri textanum.

Góðar auglýsingar geta verið mjög sannfærandi og þannig getur viðskiptavinurinn látið blekkjast. Góð æfing væri að láta nemendur semja auglýsingar (sbr. auglýsinguna frá garðyrkjubændum: *Ertu rófulaus?*) eða slagorð (sbr. textann á öskubílum Reykjavíkur: *Láttu ekki þitt eftir liggja*).

1.9 Skammstafanir

Hér þyrfti að hamra á því hvað mikilvægt það sé að skammstafa málfræðihugtökin og vera þá alveg viss um merkinguna. Þannig þarf nemandi að geta svarað á stundinni ef hann er spurður um atriði eins og: Hvernig er *Írani* í ft.þf.m.gr. (Íranana); hvernig er *Akureyrin* í ef.et.m.gr. (Akureyrarinnar).

Þá er rétt að staldra við skammstöfunina p.s. Sennilega er betra (og í samræmi við hefð) að hafa upphafsstafi og þá annaðhvort PS eða P.S. ; mælt er með því fyrrnefnda, sbr. ES = eftirskrift. PS eða ES er gjarnan sett á undan viðbótartexta í sendibréfi (PS stendur fyrir latnesku orðin *post scriptum*).

Hvort punktur er inni í skammstöfuninni eða ekki fer eftir því hvort skammstöfunin stendur fyrir eitt orð eða ekki. Skammstöfunin nk. stendur fyrir næstkomandi (eitt orð); en n.k. gæti staðið fyrir nokkurs konar (tvö orð).

Ræða mætti um skammstafanir í netheimi. Þær miðast oft við enskt mál, sbr. það sem fram kom hér að ofan í tungutakspistli Aðalheiðar („*h8* merkir alls ekki *hátt*a eins og ég hélt heldur merkir sú stytting *heit*, sbr. *h-eight*. *L8er* er svo notað til að tákna *later* en líklega notar enginn *s1a* fyrir *seinna* þó það sé ekki síður rökrétt, eða hvað?“).

1.11 Góður kjúklingaréttur

Margir hafa sagt að þeir hafi lært mikið í íslensku við að þýða erlenda texta þegar þeir voru í skóla og lærðu ensku, dönsku, þýsku o.s.frv. Það að þurfa að láta þýddan texta hljóma vel þarfnast yfirlegu. Setninguna *He lives next door* er t.d. ekki hægt að þýða *Hann lifir í dæstu dyrum*.

Spurning er hvort auka mætti samvinnu milli íslenskukennara og tungumálakennara í skólum m.t.t. þýðinga af einu máli á annað. Og í þessu tilviki mætti kannski fá heimilisfræðikennarann með í leikinn.

Úr pistli BH í Morgunblaðinu um málfar 22.2.2014:

Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson skrifuðu ágæta bók, *Um þýðingar*, fyrir mörgum árum. Þar ræða þeir m.a. um gildir sem þýðandinn þarf að varast. Á bls. 49 kalla þeir það „býsna algenga villu“ þegar þannig er þýtt úr ensku að fornafn kemur á undan nafni sem vísað er til, en slíkt þykir eðlilegt í ensku. Dæmi: „Þegar **hann** opnaði dyrnar sá **Smith** jólasvein.“ (Hér er *hann* sami maður og *Smith*.) Í skáldsögunni *Tígrisdýr í rauðu veðri* eftir Lisu Klaussman (Bjartur 2013) eru óþarflega mörg dæmi um þetta: „Þegar **hún** kom inn í setustofuvagninn með sveigðum barnum úr dökku timbri og lágum vínrauðum hægindastólum, fann **Nick** svitadropa safnast saman á milli brjóstanna“ (bls. 14; *hún* og *Nick* eru sama konan). „Þegar **hún** heyrði Ed fara niður stigann reif **Daisy** sig úr sumarkjólnum...“ (bls. 74; *hún* og *Daisy* eru sama konan).

1.12 Ljóð – form

„Hló við Frón.“ Hér þarf að huga að orðaröð: Frón hló við. Að *hjæja við e-u* merkir að brosa. Frón (Ísland) brosir semsagt móti allri þessari fegurð. (Annað dæmi um orðaröð: Í Heilræðavísu Hallgríms Péturssonar segir: *Hugsaðu um það helst og fremst/ sem heiðurinn má næra*. Hér þarf að breyta orðaröð og segja: *sem má næra heiðurinn*, þ.e. sem nærir, þ.e. styrkir, eflir heiður þinn. Heiðurinn er semsagt ekki í nefnifalli heldur þolfalli (heiðurinn er andlag sagnarinnar *næra* og stjórnast af henni).

Gaman er að benda á hvað *kenningarnar* gömlu hafa verið lífseigar í íslenskum skáldskap. Kenningarnar *ránar klæði* og *stjörnu stóll* hefðu sómt sér í dróttkvæðum kveðskap fornskálda.

Ver merkir hér veiðistöð; getur reyndar einnig merkt grasi vaxið blautt landsvæði, sbr. Þjórsárver.

Það er mikil og sönn gleði í þessu erindi þar sem Ingólfs Arnarsonar er minnst.

1.14 Orðamunur

Þetta er kannski einkum æfing í orðflokkgreiningu. Útlit orða leynir á sér, sbr. það að orðið *gata* getur verið sögn í nafnhætti (þó manni detti nafnorð fyrst í hug).

1.15 Vegagerðin / Myndlestur

Í námskrá er talað um mikilvægi þess að geta lesið út úr töflum, táknum, súluritum og þess háttar. Kannski getum við látið nemendur finna skemmtileg dæmi sem tengjast áhugasviði þeirra.

Gaman væri að vita hvort nemendur eigi erfitt með svona verkefni.

1.16 Smáskammta-upprifjun

Enn ber að minnast þess að t.d. þolfall nafnorða og kvenkyn lýsingarorða segir ekki alla söguna um stofninn. Sérhljóðin í lýsingarorðunum geta t.d. verið breytileg (*svöl*); og í þolfalli nafnorða er stundum sérhljóð sem fellur brott í tilteknum aukaföllum (*farangur* – *farangri* (ekki: *faranguri*); *himinn* – *himni* (ekki: *himini*); *Baldur* – *Baldri* (ekki: *Balduri*).

Um stigbreytingu: Sum lýsingarorð er erfitt að stigbreyta vegna merkingarinnar, sbr. *hálfur* og *dauður*.

Óbeygjanleg lýsingarorð taka ekki stigbreytingu en bjarga má sér með því að nota hjálparorðin *meira* og *mest*: *meira* hugsu *mest* hugsu; *meira* andvaka – *mest* andvaka; *meira* spennandi – *mest* spennandi.

Í kaflalok er enn minnt á stuðlun. Gaman er að minnast þess hve stuðlunin er algeng í venjulegu talmáli. Hljómur orðanna skiptir okkur greinilega miklu máli; það er eitthvað seiðandi við stuðlunina: Milli fjalls og fjöru/ með manni og mús/ niðdimm nótt/ á kaldan klaka/ karlinn á kassanum/ ungur að árum.

1.17 Stafsetningaræfing 1

Texti Jóhanns er svo fallegur að maður tímir varla að nota hann í stafsetningaræfingu! Kannski ættum við bara að lesa hann fyrir nemendur okkar og ræða innihald og stíl. Manninum og ástandi hans er líkt við blómið og ástand þess. Viðlíking! (sbr. „eins ogþannig“). Textinn er eiginlega bara ein löng málsgrein. Umræðuefnið er mikilvægi þess að fá „næringu“ af gleðinni. Það er gleðin sem gerir okkur kleift að dafna þannig að við getum starfað og blómstrað. Gleðin er manninum eins og regnskúrin og sólin eru blóminu. Það þarf m.ö.o. að sjá til þess að við getum verið glöð. Umhverfi okkar þarf að vera gott. Þetta mætti ræða og tengja okkar daglega lífi í skóla og utan.

Benda má á að blómið er *persónugert*, það hneigir höfuðið (*persónugerving*).

Þessi langa málsgrein gerir kröfur til okkar; við megum ekki missa þráðinn; hún hangir saman á orðunum „eins ogþannig“. Langar málsgreinar skapa andblæ friðar og rólyndis; það er enginn að flýta sér; það er enginn asi í frásögninni.

1.18 Fjölvalsspurningar

Benda má á að þótt einhverjum finnist erfitt að beygja orðið *fé* þá segja þó allir *fjármálaráðherra* en ekki t.d. *fésmálaráðherra*. En segja menn stundum: *afla fés?* (Rifjum upp orðin *fjármál/ sauðfjárafurðir* o.s.frv.; einnig mætti ræða merkingu orðsins *fé*: 1) (upphaflega:) *búfénaður* 2) (seinna:) *peningar* (*merkingarvíkkun*).

1.19 Orð og merking

Orðin *halur* og *víf* (skylt *wife*) eru svokölluð *heiti* og einungis notuð í skáldskap (fleiri slík orð mætti nefna: *hrund, gumi, sprund*; *sprund* er hvorugkynsorð þó það merki sama og kona: „Nóg er um hýreyg og heillandi *sprund*/ á Dalvík og Dagverðareyri“).

Traktor og *radíus* eru dæmi um *tökuorð*; *dráttarvél* er *nýyrði*; *geisli* er hér aftur á móti dæmi um *merkingarbreytingu*, nánar tiltekið *víkkar* merking orðsins (*merkingarvíkkun*; orðið er þegar til í málinu) þegar það fer að merkja *radíus*.

Sirkill er *tökuorð*, *hringfari* er *nýyrði*.

Ræða má um það að heppilegt getur verið að nota *nýyrði* og *tökuorð* jöfnum höndum, tilbreytingarinnar vegna.

Sagnorð

2.1 Sagnorð

Við vitum svo sem öll hvað sögn er, en nauðsynlegt er að geta skilgreint hana: hér er hamrað á tvennu, nafnhætti og tíð.

Vísan um dýrin og hljóð þeirra er snilldarleg, algerlega fyrirhafnarlaus en segir nákvæmlega til um sagnirnar sem notaðar eru yfir hljóðin frá hverju dýri (samræmi í röðinni).

Um vísuna neðst á blaðsíðunni má segja að ómögulegte hefði verið að finna sagnorð í nafnhætti í rímorðunum sem eru bara eitt atkvæði (karlrim). Í vísunni eru nefnilega einungis orð sem eru skrifuð með -fn- sem borið er fram eins og -bn- (stafsetningarvísa). Vissulega eru til eins atkvæðis nafnhættir: *þvo, gá, sjá, fá* o.s.frv. – en ekki með -fn-).

Í sambandi við textann um Suður-Kóreumanninn má segja um málsgreinina þar sem sögnina vantar að sögnin að *vera* sé undanskilin: hún er í málsgreininni á undan. Með því að sleppa svona setningarlið fæst oft betra „rennsli“, meiri hraði.

2.2 Tíð

Breyta mætti setningunni „Hún hitti hann alltaf á hverjum degi...“ og segja „Ég hitti ...“. Þá kemur í ljós að nútíð og þátíð eru eins í 1.p.et. Fleiri slíkar sagnir eru til: *Ég sendi* (nt./þt.). Þá ræðst það af samhenginu hvort um nútíð eða þátíð er að ræða.

Sagnir geta reynst erfiðar í beygingu. Tökum t.d. sagnirnar *vefja* og *vefa*. Sú fyrri er veik (*vafði*) en sú síðari sterk (*óf*): Hann _____ (*óf*) teppi og _____ (*vafði*) því síðan utan um sig.

2.3 Persónur

Byrjum á erfiðri spurningu: hver er 1.p.et.nt. sagnarinnar *vilja*?

Þrír fjórðu hlutar bekkjarins munu segja: Ég vill. En það er ekki rétt skv. hefð og handbókum. Segja skal: *Ég vil*.

Ef þetta á að kenna þarf að hamra á því (nokkra daga í röð) og minna á texta eins og: *Ég vil elska mitt land*.

Til að festa hugtök í sessi er sjálfsagt að spyrja fram í bekkinn um persónu, tölu og tíð sagna.

Dæmi:

Hvernig er 1.p.ft.pt. af sögninni *vefa*? (*ófum*).

Hvernig er 3.p.ft.pt. af sögninni *vaxa*? (*uxu*).

Hvernig er 3.p.et.pt. af sögninni *valda*? (*olli*)

2.4 Tala

Tökum dæmi af sögninni *koma*. Hvað er að segja um nt. og þt. hennar í 1.p.ft. (Hún er eins í nt. og þt. í 1.p.ft. (komum). Slíkt getur valdið misskilningi nema bætt sé við nánari upplýsingum (í kvöld/ í gær).

2.5 Háttur – hættir

Nemendur þekkja flestir það sem um er að ræða. En það þarf að festa þetta sér í minni með sífelldri endurtekningu.

Persónuhættir laga sig að persónum:

Ég fer/ þú ferð (frsh.)

Þótt ég fari/ þótt þú farir (vth.)

farðu (far þú)/ farið (þið) (boðháttur)

Fallhættir laga sig ekki að persónum:

Ég er að *koma*/ þú ert að *koma* (nh.)

Ég hef *komið*/ þú hefur *komið* (lh.þt.)

Ég kom *hjólandi*/ þú komst *hjólandi* (lh.nt.)

2.6 Persónuhættir

Alltaf þarf að hafa í huga að tvær tilteknar beygingarmyndir geta litið eins út. Það má notfæra sér það til að glöggva sig á fyrirbærunum:

Ég *spila* á píanó (frsh.)

Ég er að *spila* á píanó (nh.)

Þú *spilar* á píanó (frsh.) (Sögnin *spila* hefur lagað sig að persónunni)

Þú ert að *spila* á píanó (nh.) (Sögnin *spila* hefur ekki lagað sig að persónunni)

Tengjum viðtengingarháttinn við *efa, óvissu, ósk*: Ég er ekki viss um að ég *fari*/*Gangi* þér vel.

Stundum er notkun viðtengingarháttar á reiki: Ég skal athuga hvort hann sé (vth.) heima/ Ég skal athuga hvort hann er (frsh.) heima. Hvort tveggja virðist notað.

En hvað um þetta?:

Ég veit ekki hvort þetta er rétt

Ég veit ekki hvort þetta sé rétt

(Sennilega gengur hvort tveggja)

Sjálfsgagt er að sýna strax fram á muninn á vth.nt. og vth.pt. (fari/færi; komi/kæmi; sé/væri). Þá er best að taka dæmi með málsgreinum þar sem a) sögn í nútíð framsöguháttar og b) sögn í þátíð framsöguháttar birtist á undan viðtengingarháttarsögnunum.

Dæmi:

Hann segir (nt.frsh.) að þetta sé (vth.nt.) svona.

Hann sagði (pt.frsh.) að þetta væri (vth.pt.) svona.

Í óvissutilvikum má alltaf setja *komi/fari* (vth.nt) eða *kæmi/færi* (vth.pt.) í stað vafaorðsins til að finna tíðina.

Boðhátturinn er þægilegur. Gott væri að ræða sögnina að *kaupa* og boðhátt hennar. Margir segja: *Keyptu* tvö kg af sykri. Hið rétta er: **Kauptu** tvö kg af sykri. (Við getum beitt þeirri röksemd að við mundum aldrei segja: *Keyp þú!*).

Ræðum sagnirnar *hlaupa* og *hleypta* í þessu sambandi:

Hlauptu fyrir mig út í búð.

Hleyptu krökkunum út í frímínútur/ Hleyptu hestinum á skeið.

Við segjum *komdu* í kvöld (sbr. kom þú). En við berum fram: *kondu* í kvöld, einfaldlega vegna þess að erfitt er að bera *m* fram á undan *d*! Það er miklu þægilegra að segja *kondu* en *komdu*.

Það sem kannski ruglar okkur í boðháttarvísunni neðst á bls. 46 er að þar fylgir fornafnið ekki með: *haf* (þ.e. *hafðu*, *haf þú*). Orðmyndin lítur út eins og nafnorðið *haf*.

2.7 Fallhættir

Þessi kafli geymir margt athyglisvert. Hugsanlega finnst nemendum erfitt að sætta sig við að allt í einu sé farið að tala um lh.nt. sem lýsingarorð, jafnvel nafnorð og atviksorð.

En höfum þá í huga að lh.nt. er iðulega í stöðu lýsingarorðs (sofandi maður, sbr. þreyttur maður).

Og ef hægt er að bæta greini við orðið þá er það vissulega nafnorð.

Kannski er erfiðast að skilja að lh.nt. getur verið atviksorð. En atviksorð (sem meira verður fjallað um seinna) getur einmitt lýst lýsingarorðum nánar: *hringlandi* (ao) vitlaus hugmynd (hugmyndin er ekki aðeins vitlaus, heldur *hringlandi* vitlaus).

Ræðum líka þá staðreynd að lh.pt. sé oft í stöðu lýsingarorðs og megi því greina hann sem lýsingarorð: *soðinn* fiskur, sbr. *ljúffengur* fiskur.

3 Allrahanda

3.1 Innlend frétt

Ekki skal mælt með dapurlegum fréttum. Betra er að velja eitthvað sem gleður hugann, hlest eitthvað skrítið og óvenjulegt.

3.2 Orð og merking

Gaman er að veita því eftirtekt að stundum er það tökuorðið sem hefur „sigrað“; sundum „sigrar“ nýyrðið.

Þannig eru tökuorðin *píanó* og *harmonika* miklu algengari en nýyrðin *slagharpa* og *dragspil*. Orðið *punktur* er miklu algengara en *depill*; og orðið *komma* er algengara en *högg*. Orðið *semikomma* er algengara en *depilhögg*. En orðið *tákn* er algengara en *symból*.

3.3 Samsett orð

Gaman er að ræða aðeins samsetningar orða. Þetta eru orð sem sett eru saman úr tveimur eða fleiri orðum (hafa fleiri en eina *rót*: hestamaður, lásbogi, hóffjöður). Samsetningar eru af ýmsu tagi.

Við segjum t.d. *hestvagn* (ekkert eignarfalls s). *Stofnsamsetning*.

En við segjum *hestshófur* (með eignarfalls s-i). *Eignarfallssamsetning*, sbr. líka t.d. orðið *eignarfall* þar sem *-ar* er eignarfallsending af *eign*.

Oft er á reiki hvort haft er eignarfalls s eða ekki, sbr. námskrá og námsskrá.

Stundum er s tengistafur (*bandstafur*) þótt ekki sé um eignarfalls s að ræða: leikfimisæfing.

Svo eru til samsett orð með bandstafnum *u* eða *i* eins og ráðunautur, skuldunautur, eldibrandur.

Þetta kallast bandstafssamsetning.

3.4 Orð sem eiga saman

Það er eins og sum orð eigi betur saman en önnur. Þannig segjum við *rámur eins og rjúpukarri* (við tökum eftir stuðluninni); *háll sem áll* (við tökum eftir ríminu); *ótíndur þjófur o.s.frv.*

3.5 Stafsetning – Ernest Hemingway

Gaman væri að láta einhverja nemendur kynna Hemingway, einn áhrifamesta höfund 20. aldar.

En hvað stafsetningu viðviku má vel taka orðið *viðburðaríkt* sem dæmi um eingarfalls-samsetningu þar sem fyrra orðið stendur í einarfalli *fleirtölu*, ekki eintölu! Um er að ræða marga viðburði sem skáldið hefur lifað. Sama er að segja um orðið atburðarás (rás margra atburða, ekki eins atburðar; margir skrifa þetta ranglega með tveimur r-um). Þá má nefna orðið mánaðamót (mót tveggja mánaða, ekki eins mánaðar). Aftur á móti er orðið umferðarmiðstöð með eignarfalls r-i því að þarna er orðið *umferð* eintöluorð.

3.6 Íslenska veðrið

Spennandi verður að sjá hvernig nemendum tekst til við að lýsa veðrinu á Íslandi út frá spákortinu. Kunna ekki allir að tala um veður?

Hér býðst tækifæri til að ræða um vindáttirnar *útsynningur* og *landsynningur*. Þessi orð hafa landnámsmenn flutt með sér frá Noregi: Landsynningur er suðaustan átt, „sunnanvindur af landi“ en útsynningur er suðvestanátt „sunnanátt utan af sjó“. Þessi orð hafa verið notuð fram á þennan dag (jafnvel þótt ekkert land sé sjáanlegt í suðaustri!).

Úr landsuðri heitir ljóðabók prófessors Jóns Helgasonar sem bjó í Kaupmannahöfn.

3.7 Viðskeyti

Sumir rugla saman *-ista* og *-isma*. Fyrirnefnda viðskeytið tengist persónum, hitt stefnunni sem persónan fylgir: sósíalístinn aðhyllist sósíalisma.

3.8 Gátur og þrautir

Aldrei er of mikið af gátum og þrautum. Hér kemur ein vísngáta:

Tíu toga fjóra
tvö eru höfuðin á,
rassin upp og rassinn niður
og rófan aftan á.

(Svar: Kona að mjólka kú.)

3.10

Stafsetning og málfræði eru tengd órjúfanlegum böndum. Látum nemendur skýra út hvers vegna við segjum *á veturna* en ekki *á veturnar*, *fingurna* en ekki *fingurnar*, *á næturnar* en ekki *á næturna*.

Hér þarf að beita hugtökunum *þf.*, *ft.*, *kk.*, *kvk.*, *greinir*.

3.11 Smáskammta-upprifjun II

Það er dálítið merkilegt hvað *Stafsetningarorðabókin* frá 2006 gefur oft upp eignarfall fleirtölu með n-i, sbr. orðið *vagga* (ef.ft. vaggna). Þá væri ef.ft. af *vagga* alveg eins í framburði og ef.ft. af *vagn* (vagna). En www.bin.arnastofnun hefur ef.ft. af *vagga* án n: til *vagga*, eins og manni finnst eðlilegast.

Nafnið *Nótt* er til sem kvenmannsnafn. Þá getur eingarfallið verið hvort heldur sem er *Nætur* eða *Nóttar*.

3.12 Eyðufyllingar

Í seinna verkefninu þurfa nemendur að glöggva sig á hrynjandi, stuðlasetningu og rími. Þetta er tilvalin aðferð til að skerpa brageyrað og mætti nýta oftast sem uppfyllingar- og aukaverkefni.

3.13 Fallbeyging

Einhver kynni að halda því fram að orðið *veður* væri ekki til í fleirtölu; því fer fjarri, sbr. orðið *veðrahamur* (*veðra*: ef.ft.); það er allra *veðra* von; það eru tvenn *veðrin* í e-m (um *veður* og fólk: e-r er tviátta, það er óvíst hvað hann gerir).

4 Sagnir

4.1 Myndir sagna

Enn bætist í hugtakaforðann. Reynum að tengja hugtökin merkingu, sbr. gerandi og þolandi. Tökum spennandi sögn: *kyssa*.

Þangað kóngsdóttir kom/ og *hún kyssti* mig þar. (Stefán frá Hvítadal. Germynd: Kóngsdóttirin er augljóslega gerandi.)

Kysst á miðju stræti er kona ung og heit. (Sigurður Þórarinsson. Þolmynd: Konan er greinilega þolandinn; við vitum ekkert hver gerandinn er!)

Miðmyndarhugtakið er kannski ekki mjög lýsandi. En segja má að gerandi og þolandi mætist á miðri leið í miðmyndinni þegar *þau kyssast*. (En best er að þekkja miðmynd á því, að hún endar á -st í nafnhætti (að kyssast).

4.2 Germynd

Hér er ekki um annað að ræða en að hamra á germyndinni. Gerandinn er í frumlagssætinu og sögnin lagar sig eftir honum.

4.3 Miðmynd

Mikilvæg æfing og skemmtileg neðarlega á bls. 71. Ef nemendurnir fást til að prófa sig áfram með sagnir eins og lást, lagðist, sagðist, dast, gast og last, ja, þá læra þeir þetta. Bara að setja sögnina í nafnhátt og athuga hvort hún endar þar á -st. Hvort merkingin er gagnvirk eða ekki skiptir ekki máli í því samhengi.

4.4 Þolmynd

Hér gefst enn tækifæri til að minna á þolmyndina. Best er ef til vill að gera það með tvíræðum dæmum eins og gert er í kaflanum.

Myndin var tekin af ljósmyndaranum.

Hvernig sem á er litið er *var tekin* þolmynd. Myndin er semsagt þolandinn. En gerandinn, sem er undanskilinn, gæti verið t.d. lögreglan (sem hrifsaði myndina af ljósmyndaranum) eða ljósmyndarinn (sem tók myndina á myndavélina sína).

Góð æfing efst á bls. 73. Það er mikilvægt að „pína“ börnin til að raungera hugtökin og skammstafanirnar: *learning by doing*.

Í framhaldi af æfingunni neðst á bls. 73 má láta börnin mynda setningu þar sem „komst“ er í germynd (Þú komst í hlaðið á hvítum hesti; so að *koma* (ekki: komast): germynd).

4.5 Meira um tíðir sagna

Hér væri gott að byrja á að benda á að *nú tíð* sagnarinnar nær yfir afar langt tímabil, allt frá myrkustu fortíð til fjarlægrar framtíðar. Gott væri að byrja tímann á dæmi úr þjóðsögunum sem einmitt beita mjög *sögulegri nútíð*. Það er t.d. afar algengt að í þjóðsögum sé gripið til nútíðar þegar eitthvað fer að gerast. „Skyndilega berst neyðaróp úr gilinu.“ Góðir sögumenn beita sögulegri nútíð af snilld.

4.6 til 4.8 Beyging sagna

Sennilega þekkja langflestir nemendur muninn á sterkri og veikri sögn: Sterk sögn er endingarlaus í þt. (þ.e. 1. og 3.p.et. frsh.: ég/hún fór). Veik sögn er með endingu (-aði, -ði, -di, -ti) í þt.: ég/hún sagði.

Neðst á bls. 79 er mikilvæg æfing. Þar gefst tækifæri til að rifja upp „minningar úr fjölskyldunni“, t.d. það sem yngri systkini hafa sagt. Það minnir okkur á að við þyrftum að skrá skemmtilegar athugasemdir barna og tilsvör. Börn hugsa rökrétt og beita sínu einfalda kerfi til að mynda t.d. þátíð (og hafa þá allar sagnir veikar).

Á bls. 80 er æfing sem ætti að falla í kramið. Hér þarf að beita hugkvæmni og miða við sagnir sem hljóma líkt og dæmin sem nota á. Þar væri þá um að ræða áhrifsbreytingu, þ.e. við beygjum tiltekna sögn eins og þekkta sögn sem hljómar líkt; *mjúga* hlýtur að beygjast eins og *ljúga* og *smjúga*!

4.9 Núpálegar sagnir

Þessi kafli gefur ágætt yfirlit um núpálegar sagnir. Þær eru auðvitað mjög sérstakar. Höfum t.d. í huga að sögnin *munu* er allt önnur sögn en sögnin *muna*. En báðar eru núpálegar.

Látum nafngiftina hjálpa okkur við að átta okkur á eðli sagnanna (þær eru eins og sterkar sagnir í nútíð en veikar í þátíð).

Hér gefst kannski síðasta tækifærið til að minna á að 1.p.et.nt. af vilja er (ég) vil!

4.10 Ri-sagnir

Skemmtilegir sérvitringar í hópi íslenskra sagna. Það eina sem þarf að muna er að þær enda á -ri í þátíð (1. og 3.p.et.).

Löngum var okkur uppálagt að hafa *e* en ekki *é* í þátíðinni (sneri, reri) en sumar handbækur gefa nú einnig upp þátíðina með *é*.

Eigum við að reyna að kenna nemendum að nota orðasambandið að *núa einhverjum einhverju um nasir*: Hann neri mér því um nasir að ég hefði svikið gamlan vin.

4.11 Sagnasambönd

Sagt er að í ónefndri byggð á Íslandi segi menn ekki *já* eða *nei*; þeir vilji m.ö.o. aldrei fullyrða neitt, aldrei slá neinu föstu. Þá er líklegt að þeir grípi til sagnasambandsins *mun vera*: „Hann mun vera kominn“, því að hér er ekkert fulllyrt.

4.12 og 4.13 Núliðin og þáliðin tíð

Sennilega er best að vekja strax athygli á muninum á núliðinni og þáliðinni tíð (og láta heitin hjálpa sér til skilnings: þetta er liðið núna; þetta var liðið þá).

Það eina sem þarf að muna er í rauninni það að hjálparsögnin (hafa/vera) er í nútíð í núliðinni tíð en í þátíð í þáliðinni tíð: ég hef komið/ ég hafði komið; ég er kominn/ ég var kominn.

4.14 Framtíð

Mikilvægustu „skilaboð“ þessa kafla eru þau að framtíð er best að tákna með sögn í nútíð (+ t.d. forsetningarlið (á morgun) eða atviksorði (bráðum)).

Sögnin munu + nh. af aðalsögn getur að vísu táknað framtíð en hún getur táknað margt fleira (sbr. það sem sagt var um óvissuna).

4.15 Lokaorð um tíðir

Sagnasambandið „fara að fara“ er dálítið sérkennilegt. En allir skilja það.

Dæmin tvö með „ég skal“ eru ólíkrar merkingar. Í fyrra dæminu býðst ég til að sækja brauðið en í seinna dæminu fullvissa ég sjálfan mig og aðra um að ég ætli að standa mig í prófinu.

Ef við flettum upp sögninni *skulu* sjáum við fleiri merkingar sagnarinnar, t.d. ráðleggjandi tón: þú skalt spyrja eftir mér.

Við getum sagt hvort heldur sem við viljum:

„Hún segist skulu (nh) koma“ eða: „Hún segist skuli (vth) koma“.

Eða í þátíð: „Hún sagðist skyldu koma“ eða: „Hún sagðist skyldi koma“.

Hvort finnst nemendum fallegra að segja:

Ég kæmi ef ég gæti

Eða:

Ég mundi koma ef ég mundi geta

Sennilega er vth.þt. af aðalsögn gjarnan notaður í bland við mundi + nh: Ef ég sæi hann *mundi* ég ráðast á hann (Er fallegra að segja: „Ef ég sæi hann réðist (vth.þt) ég á hann“?)

5. Allrahanda (3)

5.1 Íþróttufrétt – Ritun

Hér eru fyrirmyndir í öllum miðlum. Mikilvægt er að „grípa“ lesandann með góðri fyrirsögn. Í fyrstu málsgrein eða málsgreinum koma aðalatriði gjarnan fram (og þá er yfirleitt feitletrað). Síðan er farið nánar í málin og reynt eftir megni að gera hlutina áhugaverða og spennandi. Best er að hafa málsgreinar stuttar og vera óhræddur við að setja greinaskil þar sem við á.

Í lagi er að hafa *gildishlaðin* lýsingarorð í íþróttufréttum. Reynt skal að forðast klisjur (en það hefur reynt íþróttufréttariturum erfitt). Reynum að forðast orðasambönd eins og „voru ekki að spila vel“. Betra: spiluðu ekki vel.

5.3 Orðabókin

Ræða mætti nokkur hliðstæð dæmi og setja á töflu:

fóstur: merking 1: uppeldi hjá öðrum en foreldrum; merking 2: barn í móðurkviði.

Fletta mætti upp í orðabók og sýna t.d. fjórar merkingar orðsins *hamar* (1 verkfæri til að slá með; 2 klettaveggur; 3 eitt af smábeinum í miðeyra; 4 eyrnamark (á sauðfé og hestum)).

Í vísnaátum leika menn sér gjarnan að ólíkri merkingu sama orðsins. Hvaða orð má lesa út úr hverri braglínu eftirfarandi vísu (alltaf sama orðið) eftir Svein Víking?

Hvað er það sem klaufann skortir mest?

Kliðinn hreina gefur hendingunni.

Í hlöðnum vegg og svarðargröfum sést.

Og sjómenn bíða þess í lendingunni.

Svar: LAG. („Nú er lag,“ segir formaðurinn þegar ræðararnir eiga að róa inn í lendinguna.)

Æfingin á bls. 93 reynir hæfilega á og ætti að henta breiðum hóp. Hve margir nemendur ætli þekki orðið *tilberi* og *hómópati*?

Orðið *karlægur* er skylt orðinu *kör* (kvk. ef. karar) sem merkir ellihrumleiki (sem veldur stöðugri sængurlegu).

5.4 Ypsilon – Upprifjun

Rétt er að minna nemendur á að þegar *u > y* er talað um i-hljóðvarp

Sama er að segja um

ú > ý (i-hljóðvarp)

au > ey (i-hljóðvarp)

Því má svo bæta við að þegar um *hljóðskipti* er að ræða í orðum eins og:

líta – leit – litum/ bíta – beit – bitum

þá er ekki um ypsilon að ræða. Orðin *andlit* og *leiti* (þar sem við *lítum* yfir landið) eru því með einföldu *i/ei*. Sama er að segja um orðin *bit* og *beitiland*.

5.5. Smáskammtamálfraði

Þetta er upprifjun í orðflokkgreiningu. Æfingin krefst aukinnar einbeitingar af því að ekki er alltaf um aðeins eitt rétt svar að ræða.

5.6 Sögufrægir staðir – Norðurland vestra

Hér gefst gott tækifæri til að finna út hvað nemendur vita mikið um tiltekna staði. Vel mætti hugsa sér að fá einhverja til að kynna sér nánar vissa staði og segja frá þeim. Margir þessara staða eru beintengdir við bókmenntir (Bóla, Þingeyraklaustur, Drangey o.s.frv.).

5.7 Sjónvarpsdagskráin

Hér er rýnt í upplýsingar og reynt að draga fram tilteknar upplýsingar. Fróðlegt væri að fá fram umræðu um það hvort ríkissjónvarpið sé enn hluti af hversdaglífi nemenda. Ræða mætti hvaða miðlar skipti nemendum nú mestu máli. Ýmislegt fróðlegt gæti komið í ljós.

5.8 Mánaðarlaun

Afar fróðlegt að skoða þetta. Hvar vilja nemendur lenda á skalanum? Svo er spurning hvort treysta megi svona tölum. Inn í umræðuna kemur hugsanlega aukavinna sem ekki er gefin upp. Hvað er mikið svikið undan skatti? Hvaða fríðindi hafa menn sem telja má að jafngildi launum?

5.9 Íslenski boltinn

Hversu vel læsir eru nemendur á töflur af þessu tagi? Þeir sem þekkja málaflokkinn skilja þetta strax en hætt er við að hinir geri það ekki. Út úr töflunni og spurningunum má, ef grannt er skoðað, lesa ýmsar upplýsingar þó maður sé ekki innvígður. Það kemur t.d. fram (í spurningu 5) að þrjú stig fást fyrir unninn leik.

5.10 Fyrsta fasteignin

Hér þarf m.a. að lesa út úr skammstöfunum (áhv. = áhvílandi; Íbúðal.sj. = Íbúðalánasjóður o.s.frv.). Hér sem fyrr þarf að rýna vel í texta svo ekkert misskiljist.

5.11 Orðmyndun

Þegar finna þarf seinni hluta orðs má minnst þess að orðflokkurinn getur verið hvort heldur sem er nafnorð eða lýsingarorð (því að síðasti orðhlutinn ákvarðar orðflokkinn). Jafnvel mætti hugsa sér atviksorð.

Æfingunni er einkum ætlað að sýna nemendum fram á hvað orð geta verið ólíkrar merkingar þótt þau eigi einn orðhluta sameiginlega, sbr. t.d. orðin *íþróttastjarna* og *reikistjarna*; *náðhús* og *ráðhús*.

Æfinguna á bls. 105 má kynna með orðunum *breiður – mörk – jökull* (Breiðamerkurjökull).

5.12 Málfarsumræður

Það er afar brýnt að gera málfarsumræðu að skemmtilegum leik. Því miður hefur ekki gengið nóg vel að kveikja áhuga meðal unglinga á þessum málaflokki. Í því sambandi er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Byrjum á einföldum atriðum. (Hvort er eðlilegra að segja og hvers vegna: *Hann lifir í Reykavík* eða: *Hann býr í Reykjavík*. Svar: Seinni setningin hæpin; hún virðist vera undir áhrifum frá ensku.)
2. Beitum einföldum hugtökum úr málfræði. Ef spurt er t.d. *Hvers vegna segjum við Umferðarmiðstöð en ekki Umferðamiðstöð* þá er svarið einfaldlega: Þetta er miðstöð umferðar, ekki umferða. Umferð er eintöluorð þegar það hefur merkinguna *traffík*, og eingarfall eintölu er *umferðar*.
3. Reynum að nýta skemmtileg dæmi úr nánasta umhverfi. Í útvarpi heyrðist: „Hann er piparkarl – konan fór frá honum fyrir tveimur árum.“ Hvað er skrátið við þetta? Svar: Piparkarlar hafa aldrei verið í hjónabandi.

5.13 Bækur og höfundar

Hér þarf að leita á náðir rafmiðla. Gott gæti verið að byrja á að nefna eina eða tvær umtalaðar eða klassískar bækur og athuga viðbrögðin. „Jæja, krakkar mínir. Hver var það nú aftur sem samdi *Íslandsklukkuna*?“

5.14 Bókaskápurinn

Fremur auðveld æfing sem mætti reyndar útfæra, t.d. með því að láta nemendur kynna sér eitthvert verkanna nánar.

Við trúum því enn að það geti haft áhrif að sýna bækur í bekknum, t.d. nýlegar bækur sem ræddar eru í fjölmiðlum þá stundina. Hver veit nema einhver bíti á agnið, hvað þá ef kennarinn lýmskast og býur upp á að einhver rýni nánar og gefi skýrslu.

6. Sagnir (3)

6.1 Ópersónulegar sagnir

Hér mætti byrja á óvæntan hátt og setja persónulegu sögnina *hlakka* á töfluna:

____(3.p.fn.et.) hlakkar til. Setjið rétt beygingarmynd í eyðurnar (Guðmundur/ Sigrún).

Þá mætti sýna fram á að sögnin *hlakka* breytist ef skipt er um persónu og sett *Ég* í stað *Hann*. Sögnin *hlakka* er *persónuleg*.

En ópersónulegu sagnirnar standa alltaf í 3.p. eintölu og koma á eftir frumlagi í aukafalli.

Mælt er með því að sögnin *hlakka* sé rædd aðeins nánar. Skynsamlegt er að fordæma ekki notkun hennar sem ópersónulegrar sagnar því að fjölmargir líta á hana sem slíka og segja:

mig hlakkar eða mér hlakkar. En sjálfsagt er að benda á að eina viðurkennda formið er *ég hlakka*. Þannig er sögnin höfð í opinberu máli (Ríkisútvarpi, dagblöðum o.s.frv.).

Þetta er tilvalið efni í mál færðiumræðu og mun varpa ljósi á muninn á ópersónulegum og persónulegum sögnum.

Niðurstaða: Óþarfi er að tala hér um rétt mál og rangt. Betra er að segja að eitthvað sé heppilegra en annað, a.m.k. við tilteknar aðstæður.

Hugsanlega kemur sá dagur að mér hlakkar muni viðurkennt mál á öllum vígstöðvum. Sumir munu hlakka til þess dags (Eða: Suma mun hlakka til þess dags. Eða: sumum mun hlakka til þess dags).

Mikilvæg upprifjunaræfing neðarlega á bls. 114.

6.2 Ýmsar æfingar

Stöðugt þarf að rifja upp. Þetta er ekki beint skemmtiefni en stundum þarf að gera fleira en gott þykir. Í æfingunni á bls. 116 reynir á nákvæmni og jákvætt hugarfar. Hér þyrfti nemandinn að síendurtaka við sjálfan sig orðin *Málfræði er skemmtileg*.

Æfingin um Daða í Snóksdal er athyglisverð í ljósi þess hvernig *tíð* er beitt sem stílbragði. Hér fær nemandinn nokkra innsýn í leyndardóma tungumáls.

6.3 Kennimyndir sagna

Kennimyndir sagna, kenniföll nafnorða: Þetta þurfum við að þekkja, m.a. til að geta nýtt okkur handbækur og borið eigið mál saman við skyld tungumál.

Í þessum kafla er enn á ný farið yfir muninn á sterkum og veikum sögnum.

Gaman er að rifja upp að allar nýjar sagnir í tungumálinu eru veikar: *blogga* – *bloggaði*/ *deita* – *deitaði* o.s.frv. Og ýmsar sagnir sem áður voru sterkar hafa veikst: *þiggja* – *þáði* (var áður *þiggja* – *þá*: *ég þá boðið*). Reyndar er enn sagt: *Við höfum þegið boðið*. Hér (í lh.pt.) er enn sterk beygingarmynd sagnarinnar. En sumir segja: *Við höfum þáð boðið* – það er einnig viðurkennt.

Við eigum semsagt ýmsar svona tvímyndir í beygingu: *skapa* – *skóp*/*skapaði*; *verpa* *varp*/*verpti* o.s.frv.

6.4 Hjálparsagnir

Algengustu hjálparsagnirnar eru hafa og vera, en á bls. 121 má sjá að þær geta verið mun fleiri. Í ljós kemur að þetta eru gjarnan *núþálegar sagnir*.

Eflaust finnst nemendum skrýtið að í sumum tilvikum skuli sett nafnháttarmerki við aðalsögnina en í öðrum tilvikum ekki.

Orðmyndin *ku* (sjá bls. 122) er í orðabók sögð *SM* (þ.e. sagnmynd) og er leidd af sögninni *kveða*: Kann kvað vera kominn (=sagt er að hann sé kominn). Í stað *kvað* er oft sagt *ku*.
Merkilegt!

6.5 Setningafræði sagna

Neðst á bls. 123 stendur að „sagnir stjórnri falli frumlags“. Athuga mætti hvort nemendur geti rökstutt þá fullyrðingu. (Svar: Ópersónulegar sagnir hafa þau áhrif á frumlagið að það verður í aukafalli: Mér finnst/ Mig langar. Persónulegar sagnir standa með frumlagi í nefnifalli: Ég fer/ Siggí kemur).

6.6 Áhrifslausar sagnir og áhrifssagnir

Skilgreiningarnar á síðu 124 ættu ekki að flækjast fyrir nemendum. Ef til vill mætti segja: Áhrifssagnir hafa áhrif á fallorðið sem á eftir kemur: þær valda því að fallorðið stendur í aukafalli. Áhrifslausar sagnir hafa ekki þessi áhrif á fallorðið sem fylgir þeim: það stendur í nefnifalli.

Ég *elska* þig/ Ég *ann* þér. Sagnirnar *elska* og *unna* eru áhrifssagnir; *elska* stjórnar þolfalli; *unna* stjórnar þágufalli.

Ég *er* kennari/ Hann *heitir* Guðmundur. Sagnirnar *vera* og *heita* eru áhrifslausar (*kennari* og *Guðmundur* standa í nefnifalli).

6.7 Staða sagna í setningu

Hér erum við að færa okkur inn á svið setningafræðinnar. Hugtakið *nafnliður* einfaldar umræðuna vegna þess að *nafnliður* nær yfir stærra svið en t.d. hugtakið *nafnorð*. Orðin *stóri maðurinn* eru t.d. nafnliður sem inniheldur bæði lo og no. Orðið *ég* er einnig nafnliður þótt aðeins sé um eitt fornafn að ræða.

Seinna munum við sjá að nafnliðir eru ekki einungis í fyrsta sæti setningar (frumlag) heldur eru þeir einnig á öðrum stöðum í setningunni (sem andlag á eftir áhrifssögn, sem sagnfylling á eftir áhrifslausri sögn og sem hluti forsetningarliðar á eftir forsetningu).

6.8 Viðtengingarháttur og stafsetning

Þessi kafli er kannski einn sá dýrmætasti í vinnubókinni. Ef nemandinn nær tökum á því sem þar er rætt þá hefur hann komist á nýtt þrep í þekkingunni og jafnframt tryggt það að hann

geti stafsett erfið orð rétt með því að beita skýrum reglum. Þetta er spurningin um það að geta leitt sagnir af 1. og 3. kennimynd.

Af þessum sökum skal ráðlagt að farið verð hægt og rólega yfir bls. 126–128.

Kennari mun sjá andlit ljóma í lok tímans! Erfið gáta er leyst!

6.9 Sagnir og breytingar

Málið breytist stöðugt. Við sjáum þetta m.a. á því þegar sterkar sagnir breytast í veikar: *rita – reit – ritum – ritið* verður *rita – ritaði – ritað*.

Sagnmyndin (ég) *vill* mun sennilega sigrá sagnmyndina (ég) *vil* nema skólarnir haldi mjög fast í eldra formið (þ.e. *ég vil*)! Sama er að segja um *mér/mig hlakkar*: það mun að lokum sigrá „ég hlakka“ nema við kennararnir höldum í „ég hlakka“ til að geta notað það sem umræðugrundvöll um persónulegar og ópersónulegar sagnir!

6.10 Ýmsar æfingar II

Í þriðju neðstu línu á bls. 131 mætti staldra við og benda á sögnina *verpa*: hún er til bæði sterk og veik: Hæurnar *urpu*/ hæurnar *verptu*. Sennilega beygja nú flestir sögnina veikt: *verpa – verpti – verpt* (í stað *verpa – varp – urpum – orpið*).

7. Smáorð

Einfalda má umræðuna um smáorðin með því að benda á að tveir undirflokkanna eru mjög litlir. Nafnháttarmerki er t.d. aðeins eitt orð: *að* á undan nafnhætti. Og upphrópanir eru mjög afmarkaður flokkur (æ, ó, já, nei o.s.frv.). Þá eru sem sagt aðeins þrjú undirflokkar eftir!

7.2 Atviksorð

Hvernig, hvar, hvenær. Þetta eru atviksorð (ekki má rugla þeim saman við hv-spurnarfornöfn!).

Atviksorðin þrjú (*hvernig, hvar, hvenær*) hjálpa okkur að þekkja önnur atviksorð eins og fram kemur á bls. 136. (*hvernig?*: vel, illa; *hvar?*: hér, þar; *hvenær?*: bráðum, þá, nú). Og svo er mikilvægt að muna einnig eftir áhersluorðunum *mjög, afar, harla, ákaflega* og neituninni *ekki*.

Ef nemendur hafa ofangreind sannindi í huga eru þeir komnir alla leið!

Áframhaldið er bara leikur – en hugsanlega mun a.m.k. sumum nemendum þykja gott að fara aðeins nánar í flokkunina á bls. 136–138.

Eigum við ekki að hvetja nemendur til að læra vísuna á bls. 139. Í leiðinni mætti benda á að hún er rétt kveðin, stuðlar og höfuðstafi á sínum stað!

Æfingarnar á bls. 140 eru til þess gerðar að styrkja nemandann og benda honum á að atviksorð segja mjög oft nánar til um lýsingarorð, sagnir og önnur atviksorð. Þetta er í rauninni mjög góður aðdragandi að æfingunni á bls. 141. Þar kemur t.d. fram að *lýsingarorðin lýsa nafnorðum nánar.*

Á bls. 142 kemur vel fram hvað sum atviksorð eru óregluleg í stigbreytingu. Höfum í huga það stafsetningarlega atriði að tvö *r* eru í miðstiginu af *illa: verr*.

Það liggur við að kennarinn geti farið í kaffi meðan nemandinn gerir æfingarnar á bls. 143 og 144! (grín).

Staða atviksorða II

Æfingin á bls. 146 styrkir tilfinningu nemandans fyrir hlutverki atviksorða sem er yfirleitt að segja nánar til um sögnina, lýsingarorðið eða annað atviksorð.

Æfingin á bls. 147 vikkar sjónarhorn nemandans: nú þarf hann að vera viss um að geta greint muninn á fornöfnum og atviksorðum sem byrja á hv-. (Og ekki má gleyma því, að orðið *hvort* getur verið samtenging, sjá hér á eftir.)

Höfum líka í huga að það eru ekki aðeins spurnarfornöfn sem byrja á hv-: óákveðin fornöfn geta einnig byrjað á hv- (hvorugur, hvílikur).

Neðst á bls. 148 er ætlast til að nemendur geti flokkað atvikorð í undirflokk. Þetta er einungis gert í því augnamiði að hjálpa þeim að festa í minni eðli atviksorða; ekki er beint beðið um að þeir geti þulið þessa flokka upp við hvert tækifæri.

7.3 Forsetningar

Hér væri gott að byrja á því að spyrja: Hvað eiga forsetningar og áhrifssagnir sameiginlegt? Svar: Þær eru fallvaldar, stýra falli, valda því að fallorð stendur í aukafalli.

Á bls. 149 er minnt á hugtakið *forsetningarliður*. Gott væri að hamra aðein á því: forsetning + nafnliðurinn sem hún stýrir mynda forsetningarlið.

Á bls. 150 eru dæmi um forsetningar sem stýra ólíkum föllum. Ekki er víst að nemendur hafi áttað sig á að forsetningar eins og *í, á, yfir, undir* geta stýrt þolfalli og þágufalli. Þetta fer stundum eftir því hvort um er að ræða hreyfingu til staðar (í skólann) eða dvöl á stað (í skólanum). Sjá nánar á bls. 156.

Það sem kannski er athyglisverðast við bls. 151 er að þar er sagt að óþarfi sé að hafa áhyggjur af því þótt orðið sem forsetningin stýrir hafi fallið brott. Við gerum bara ráð fyrir því og greinum þá smáorðið sem forsetningu eftir sem áður (einhverjir kynnu að vilja greina smáorðið sem atviksorð í slíku tilviki).

Á bls. 152 er skemmtilegt að velta fyrir sér merkingamun setninganna á miðri síðunni þar sem forsetningin *með* stýrir a) þolfalli b) þágufalli. Segja má að meira jafnræði ríki í neðri setningunni; í efri setningunni er móðirin greinilega stjórnandi.

Í æfingunni neðst á bls. 152 er sjálfsagt að minna á forsetningar sem geta stýrt tveimur föllum (í, á, við, fyrir, undir).

Æfingarnar á bls. 154 eru hæfileg heilabrot. Neðsta setningin mun valda kæti (svo framarlega sem nemendurnir muna eftir Jóhannesí í Bónus!)

Neðst á bls. 155 er bent á að í setningafræðilegu tilliti eru atviksorð (atviksliðir) skyldiforsetningarliðum. Ég fer *þangað* (atviksliður)/ Ég fer *til Reykjavíkur* (forsetningarliður).

Fyrir þá sem kunna þýsku er gaman að veita því eftirtekt að á bls. 156 má sjá dæmi sem eiga sér hliðstæðu í þýsku varðandi það hvort um sé að ræða hreyfingu til staðar eða dvöl á stað (sbr. forsetningarnar *in, unter, über*). Þýskan geymir reyndar fleiri slíkar forsetingar en íslenskan, sbr. *neben, hinter*.

7.4 Samtengingar

Hér er mikilvægt yfirlit um samtengingar. Margt er auðvitað að varast. Til dæmis mætti benda á að þarna er tenging sem hefst á hv- (Hann spurði **hvort** ég væri heima). Þannig erum við komin með þrjá flokka smáorða sem geyma orð sem byrja á hv-.

Rétt er að minna strax á að tengingar tengja saman ólíka þætti, bæði einstök orð og setningar. Orðin sem þær tengja geta verið nafnorð og fleiri fallorð (þú og ég) en einnig t.d. atviksorð (vel og lengi).

Og eins og fram kemur á bls. 157 geta tengingar einnig tengt saman setningar. Þar er einnig dæmi um að tenging tengi (auka)setningu við einstakt orð úr annarri setningu: Þetta er *konan sem ég sá í gær*).

Bent skal á setninguna á bls. 157: *Drengurinn fer af því að hann er búinn*. Í sumum handbókum er tengingin sögð vera **af því að**, þ.e. heil þrjú orð (fleiryrt tenging). Það er ekki gert hér. Fyrri tvö orðin eru einfaldlega forsetning og fornafn. Þetta er rætt nánar á bls. 159.

Á bls. 157 er gott yfirlit um helstu tengingar. Á bls. 158 er aftur á móti farið að ræða um aðaltengingar og aukatengingar og þá erum við komin á bólakaf í setningafræði. Kennari lætur það ráðast hvað hann fer nákvæmlega í mun aðal- og aukasetninga. Það mál verður tekið upp í *Tungutaki 3*.

Æfingarnar á bls. 160 og 161 styrkja nemandann í þeirri trú að samtengingar séu viðráðanlegur orðflokkur.

Til greina kæmi að taka stutta styrpu um smáorðið *að*. Þar getur verið um að ræða:

1. Forsetningu sem stýrir þgf: Hann gekk *að* húsinu.
2. Atviksorð (stefna úr öðrum stað): Hann kom sunnan *að*; hann fékk hjálp *að*.
3. Nafnháttarmerki (á undan nafnhætti sagna): *að* lesa, *að* skrifa.
4. Samtenging (aukatenging): Hann sagði *að* ég væri þrjótur.

7.5 Nafnháttarmerki

Þetta er nokkuð þægilegt. Gott að ítreka að sögn getur staðið í nafnhætti þó ekki sé nafnháttarmerki framan við hana. Hann segist *koma* á morgun.

Góð æfing neðst á síðunni í framhaldi af því sem sagt var hér að ofan um *að* í mismunandi orðflokkum.

7.6 Upphrópanir

Hér er um að ræða orð eða hljóð sem hrópuð eru upp í e.k. geðshræringu eða hrifningu.

Skemmtileg er vísa Ísleifs Gíslasonar:

„Hlauptu drengur! Heyrðu það!

Hertu þig að verki!“

Húsbóndinn varð allur að

!

Höfum í huga að þótt orð eins og „hlauptu drengur“ séu hrópuð upp, þá greinum við þau á venjulegan hátt sem so og no (þótt um „upphrópun“ sé hér að ræða!).

8. Verkefni

Ekkert sérstakt er um þessi verkefni að segja. Orðflokkagreining er hér áberandi en fleira kemur við sögu.

Um ljóð Jóns Thoroddsen á bls. 170 má segja að það komi sem tilbreyting inn í þurrar æfingar þó reyndar sé það dapurlegt. Í miðerindinu eru andstæðurnar *ljós – myrkur*.

Góð æfing væri að setja erindin í *eðlilega orðaröð*. Í síðasta erindinu þarf að hafa í huga að þar þyrfti að bæta tengingunni *sem* inn í textann: Því hver **sem** of nærri jörðu er (eða: Því hver sem er of nærri jörðu) hlýtur oft að væta hvarma. Jörðin er sem sagt táradalur enda biður skáldið skýin að flýta sér í burtu.